

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

**Starfsleyfishafi:** Síldarvinnslan hf.  
kt. 570269-7479

**Starfsstöð:** Hafnarnaust 6, 740 Norðfjörður  
Fastanúmer: F2169502

**Gildistími :** Frá 11. júní 2022 til 11. júní 2034

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Fiskvinnslu
- Frystigeymslu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Starfsleyfi þetta skal vera aðgengilegt á starfsstöð. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

**Starfsleyfishafi:** Síldarvinnslan hf., kt. 570269-7479  
**Starfsstöð:** Hafnarnaust 6, 740 Norðfjörður  
**Fastanúmer:** F2169502

Leyfið gildir frá 11. júní 2022 til 11. júní 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Fiskvinnslu og frystigeymslu**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar um endurnýjað starfsleyfi dags. 15. júlí 2021.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

### 1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

---

Um er að ræða fiskvinnslu þar sem unnið er úr bolfiski og uppsjávarfiski.

- Bolfiskur kemur heill og ísaður í hús. Fiskurinn er ýmist flakaður eða flattur. Úr honum fást frosnar og ferskar afurðir.
- Uppsjávarfiski er dælt beint úr skipum í hráefnisgeyma eða beint til vinnslu. Hann er síðan flokkaður og ýmist flakaður, hausaður eða heilfrystur eða sendur til bræðslu. Auk þess er loðna skorin til hrognatöku og hrogn fryst.
- Afskurður og úrgangur frá vinnslunni fer að mestu leyti til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju en hluti hans er endurnýttur á viðurkenndan hátt.
- Frystigeymsla er sambyggð frystihúsi kælimiðill er ammoníak og heildarmagn kælimiðils er um það bil 20.000 kg

Um starfsemina gilda m.a.

- *Fylgiskjal 1. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *Fylgiskjal 2. Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskvinnslur*

## 2. Almenn ákvæði

---

### 2.1. Ábyrgð starfsleyfishafa

Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda á hverjum tíma, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulagi. Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfseminni og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem og fyrirmælum Heilbrigðiseftirlits Austurlands.

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

### 2.2. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal upplýsa útgefanda starfsleyfis tímanlega um allar fyrirhugaðar breytingar á eðli, virkni eða umfangi starfseminnar sem geta haft afleiðingar fyrir umhverfið. Við áform um slíkar breytingar skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfi eftir því sem við á. Ef fyrirhuguð breyting sem rekstraraðili áformar, sbr. 1. mgr. er umtalsverð skal útgefandi starfsleyfis endurskoða starfsleyfið.

### 2.3. Stöðvun rekstrar

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um tímabundna rekstrarstöðvun eða varanlega rekstrarstöðvun og ráðstafanir þar að lútandi þannig að taka megí út frágang á aðstöðunni. Vinna skal eftir áætlun um stöðvun rekstrar í samræmi við gr. 3.5.

### 2.4. Endurskoðun starfsleyfis

Útgefanda starfsleyfis er heimilt að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tæknipróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags. Leiði endurskoðun eða breyting á starfsleyfi til breytinga á starfsleyfisskilyrðum skal útgefandi starfsleyfis auglýsa drög að slíkri breytingu að lágmarki í fjórar vikur.

### 2.5. Valdsvið og þvingunarúrræði

Til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðum settum samkvæmt þeim, samþykktum sveitarfélaga eða eigin fyrirmælum getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

## 3. Umhverfið, umhverfismarkmið og áætlanir

---

### 3.1. Umhverfismarkmið

Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Orku skal nýta vel.

### 3.2. Umhverfisstjórnunarkerfi

Starfsleyfishafi getur valið að vinna eftir viðurkenndu umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi Evrópusambandsins (EMAS).

### 3.3. Viðbragðsáætlun

Starfsleyfishafi skal útbúa viðbragðsáætlun vegna mögulegra mengunaráhappa. Áætlunin skal að lágmarki fela í sér skilyrði í viðauka I.B. í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaráhöpp til

heilbrigðiseftirlitsins. Áætlunina skal uppfæra eftir þörfum við breytingar á starfsemi eða aðstæðum á starfsstöð, og yfirfarin reglubundið með starfsmönnum. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg starfsmönnum og eftirlitsaðila.

### **3.4. Viðbrögð og tilkynningar vegna mengunaróhappa**

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun á sinn kostnað. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.

Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

### **3.5. Áætlun vegna stöðvun rekstrar**

Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal vera til staðar og fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá tækjum, búnaði, húsnæði, rekstrarsvæði, efnum og úrgangi þann tíma sem starfsemin liggur niðri. Í áætlun skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif.

## **4. Starfshættir**

---

### **4.1. Flutningstæki**

Tæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til vinnslunnar skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum og viðurkennd af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Flutningstæki skulu vera vandlega þrifuð að notkun lokinni, aðstaða til þvotta skal vera til staðar á lóð fyrirtækisins. Frárennsli frá þvottaádstöðu skal leitt í gegnum fitugildru.

### **4.2. Móttaka hráefnis**

Allt hráefni sem berst til vinnslunnar skal tekið í hús við komu og skal ekki undir nokkrum kringumstæðum standa í körum eða öðrum ílátum utanhúss.

### **4.3. Móttaka og meðhöndlun á uppsjávarfiski til vinnslu**

#### **4.3.1. Löndun**

Löndunarbúnaður skal vera þéttur. Til staðar skal vera sogbúnaður til tæmingar á afgangsvatni úr lestum. Allt löndunarvatn og vatn frá grófskolun lesta skal tekið til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju eða meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði í gr. 3.1

#### **4.3.2. Blóðvatnsgeymar**

Til staðar skulu vera geymar sem rúma allt vatn sem til fellur við löndun, grófskolun lesta og hráefnisgeymsla. Gera skal ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að við óhöpp geti borist vökvi úr þeim í sjó og skal yfirfall frá þeim leitt í hreinsibúnað sbr. gr. 3.1.

#### **4.3.3. Hráefnisgeymslur**

Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum geymslum eða lokuðum geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju eða meðhöndlaður í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði í gr. 4.1. Þetta á einnig við um vatn frá fyrstu skolun og skal halda því í lágmarki t.d. með háþrýstidælum. Tæming hráefnisgeymsla skal vera sjálfvirk eftir því sem frekast verður við komið. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með köldu vatni. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu. Akstur á óþrifnum moksturstækjum utan geymslusvæðisins er óheimill.

## 5. Mengunarvarnir

---

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofta, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind.

Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

### 5.1. Mengunarvarnir fráveitu

- Frárennsli frá löndunarkerfi, hráefnisgeymslum og vinnslusölum skal meðhöndla í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Búnaðurinn skal vera sjálfhreinsandi og skal endurvinna fitu og föst efni.
- Annað frárennsli sem ekki er leitt í hreinsibúnað skal leiða í fitugildru áður en því er veitt til sjávar. Þetta á við um frárennsli frá vinnslusölum, gólfum, plönnum og frá þrifum. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur.
- Frárennsli skal uppfylla losunarmörk sem fram koma í gr. 4.2. Ef losun er yfir þeim mörkum sem fram koma getur heilbrigðiseftirlitið krafist frekari hreinsunar á frárennsli.
- Stærð og gerð hreinsibúnaðar er háð samþykki heilbrigðiseftirlits. Fráveitulagnir skulu uppfylla ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
- Frárennsli frá snyrtingum skal leiða í almenningafráveitu. Þar sem það er ekki framkvæmanlegt skal það hreinsað í eins- til tveggja þrepa hreinsunarbúnaði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

### 5.2. Mengunarvarnarbúnaður

Mengunarvarnarbúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía eða önnur mengandi efni geti borist í niðurföll.

## 6. Prófanir og sýnatökur

---

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

### 6.1. Sýnataka af fráveitu

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni og gera skal eftirfarandi eftirlitsmælingar sem skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- a) Fitu, svifefni og COD í frárennsli vinnslunnar skal mæla að lágmarki árlega. Mælt skal í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring (meðalsýni) meðan vinnsla er í gangi.
- b) Framkvæma skal rennismælingar í frárennsli á sama tíma og sýnataka fer fram.

Rekstraraðili skal skila til Heilbrigðiseftirlits Austurlands niðurstöðum þessara mælinga ásamt upplýsingum um heildarmagn hráefnis til vinnslu yfir þann tíma sem könnunin nær yfir. Á grundvelli mælinganna er hægt að meta heildarlosun lífrænna efna frá vinnslunni. Rannsóknaniðurstöður skulu einnig skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar.

## 6.2. Losunarmörk á frárennsli

Eftirfarandi losunarmörk og tímamörk gilda fyrir frárennslisvatn vinnslunnar:

Efni	Losunarmörk		Tímabil meðaltal
	mg/l	g/tonn hráefnis	
Fita (oil & grease)	100	-	1 sólarhringur
Svifefni	-	1.000	1 sólarhringur
COD (efnafræðileg súrefnisþörf)	-	5.000	1 sólarhringur

## 7. Handbók innra eftirlits

Rekstraraðili skal viðhafa eigið eftirlit með starfsemiinni sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Rannsóknaniðurstöður af mælingum í sýnum af fráveituvatni skv. gr. 4.1.
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á mengunarvarnabúnaði fráveitu.
- Óhöpp og slys sem hafa í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, sem og viðbrögð við þeim.
- Kvartanir sem berast til fyrirtækisins m.t.t. umhverfismála.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

Halda skal skrá yfir olúgeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

Tæknilegar upplýsingar um olúgeyma og mengunarvarnabúnað skulu vera tiltækar í gögnum fyrirtækisins.

**Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.**

## 8. Starfsemi hætt

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang á aðstöðunni.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

## 9. Annað sem varðar starfsemina

### 9.1. Fráveita

Fráveituvatn frá vinnslu er forhreinsað í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar.

Fráveita frá snyrtingum er leidd í fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp*

### 9.2. Neysluvatn

Neysluvatn er fengið úr vatnsveitu Fjaðrabýggðar í Neskaupstað, veitan er með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands og lítur reglubundnu eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands

Um vatnsveitur gildir meðal annars:

- *Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn*

### 9.3. Olúgeymar

Um frágang olúgeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olúmengun frá starfsemi í landi.

### 9.4. Notkun hættuminni efna

Efni sem notuð eru þannig að hætta sé á að þau valdi mengun skulu vera prófuð með tilliti til eituráhrifa, niðurbrots og uppsöfnunar í náttúrunni. Leitast skal við að skipta út efnum sem hafa skaðleg áhrif á menn og umhverfi með efnum sem eru minna skaðleg.

### 9.5. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins. Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinnna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

### 9.6. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

11. júní 2022  
Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svabjörnsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi